



LANDSAMTÖK ELDRÍ KYLFINGA

Reglugerð um val á landsliðum LEK

1. gr.

Stjórn Landssamtaka eldri kyfinga velur landslið eldri kyfinga í samræmi við stig áunnin á Öldungamótaröðinni á árinu áður en keppni ESGA og ESLGA fer fram.

2. gr.

Einstaklingur sem nær aldri samkvæmt reglum ESGA og ESLGA, hefur íslenskan ríkisborgararétt, er félagi í íslenskum golfklúbbi, er áhugamaður í golfi og hefur greitt árgjald LEK á kost á að verða valinn í landslið eldri kyfinga.

3. gr.

Til að landslið verði valið þurfa þátttakendur í hverjum aldursflokki að vera að jafnaði þrisvar sinnum fleiri en keppendur í viðkomandi landsliði.

4. gr.

Samanlögð stig einstaklings úr þeim mótum sem telja, gilda inn á stigalista til landsliðs. Þrjátíu og fimm efstu í hverju móti fá stig. Leikinn er höGGLEIKUR.

5. gr.

Val í landslið er í samræmi við reglur ESGA og ESLGA.

Keppt er af mismunandi teigum. Keppendum er skipað niður á teiga í samræmi við aldur keppanda.

Í flokkum 55 ára karla og 65 ára karla eru tveir flokkar, með og án forgjafar. Keppendur í báðum þessum flokkum fá stig með og án forgjafar. Flokkar 55 ára og 65 ára karla keppa af sömu teigum. Sú regla gildir að 65 ára karlar teljast einnig til stiga í landslið 55 ára án forgjafar.

Í lið 70/75 ára karla eru valdir tveir án forgjafar og tveir með forgjöf af teigum fyrir 75 ára og einn án forgjafar og annar með forgjöf af teigum fyrir 65 ára af þeim körlum sem hafa náð 70 ára aldri þegar landsliðskeppnin fer fram.

Ef einstaklingur spilar á teigum sem eru aftar en aldursflokkur segir til um þá gildir höggafjöldi hans inn í þá flokka sem hann er gjaldgengur í.

Keppandi getur einungis keppt í einu landsliði sama árið.

6. gr.

Marisa Sgaravatti Trophy.

Í flokki kvenna 50 ára og eldri er valið landslið kvenna með fimm einstaklingum til þátttöku í móti ESLGA. Konur sem valdar eru í landslið fyrir mót ESLGA skulu ekki hafa lægri forgjöf en 5,0 og ekki hærri forgjöf en 16,0. Konur sem keppa um landsliðssæti skulu leika af teigum merktum að hámarki 53 miðað við par 72 völl.

7. gr

Masters Team Championship.

Í flokki kvenna 65 ára og eldri er valið eitt landslið með fjórum leikmönnum. Fjórir efstu leikmenn í stigaútreikningi Öldungamótaraðarinnar án forgjafar veljast í liðið sem leikur í móti ESLGA. Konur 65 ára og eldri skulu ekki hafa hærri grunnforgjöf en 14,0. Leika skal af teigum merktum að hámarki 49 miðað við par 72 völl.

8. gr

ESGA Senior Team Championship & Cup.

Í flokki karla 55 ára og eldri eru valin tvö landslið með sex einstaklingum í hvoru liði til þátttöku í móti ESGA. A lið án forgjafar og B lið með forgjöf.

Sex efstu leikmenn í stigaútreikningi án forgjafar skipa A lið og sex efstu leikmenn með forgjöf skipa B lið.

Fyrir A lið eða Team Championship er hæsta leyfilega forgjöf 14,0.

Fyrir B lið eða Team Cup er hæsta leyfilega forgjöf 20,0 en spilaforgjöf er mest 16,0 í keppninni.

Karlar leika af teigum merktum að hámarki 58 miðað við par 72 völl.

9. gr

ESGA Super Seniors Championship & Cup.

Í flokki karla 65 ára og eldri eru valin tvö landslið með sex einstaklingum í hvoru liði til þátttöku í móti ESGA. A lið án forgjafar og B lið með forgjöf.

Sex efstu leikmenn í stigaútreikningi án forgjafar skipa A lið og sex efstu leikmenn með forgjöf skipa B lið.

Fyrir A lið eða Team Championship er hæsta leyfilega forgjöf 20,0.

Fyrir B lið eða Team Cup er hæsta leyfilega forgjöf 24,0 en hæsta spilaforgjöf er 20,0 í keppninni.

Karlar leika af teigum merktum að hámarki 58 miðað við par 72 völl.

10. gr.

ESGA Masters Team Trophy.

Í flokki karla 70/75 ára og eldri er valið eitt landslið með sex einstaklingum til þátttöku í móti ESGA. Tveir efstu leikmenn í stigaútreikningi Öldungamótaraðarinnar 75 ára og tveir efstu með forgjöf veljast í liðið. Hæsta leyfilega forgjöf er 24,0. Leikmaður má nota farartæki við keppni. Til viðbótar eru tveir keppendur valdir úr hópi 70 ára karla sem keppa á teigum fyrir 65 ára. Einn með forgjöf og annar án forgjafar.

11. gr.

Fyrir landslið gildir að ef kylfingur sem áunnið hefur sér rétt til landsliðs, afsalar sér þeim rétti flyst rétturinn til þess sem næstur stendur að árangri á Öldungamótaröðinni og gengur svo áfram uns landslið er að fullu skipað.

Allir landsliðsmenn skulu staðfesta að þeir treysti sér til að standast keppnisáskilmála þeirra móta sem landslið tekur þátt í og að þeir séu tilbúnir til að greiða hluta ferðakostnaðar í samræmi við ákvörðun stjórnar LEK.

12. gr.

Stjórn LEK sker úr ágreiningi sem upp kann að koma varðandi stigamótin og val í landslið. Þeim úrskurði er ekki hægt að áfrýja.

13. gr.

Stig eru ekki gefin þeim keppendum sem nota hjól eða golfbíl með undantekningu er varðar 75 ára

og eldri.

14. gr.

Ef tveir eða fleiri eru jafnir að stigum skal sá valinn sem efstur hefur orðið í fleiri mótum og ef þeir eru enn jafnir þá skal sá valinn sem hefur lægra meðalskor úr stigamótunum. Fáist ekki úrslit með þessu móti ræður hlutkesti.

15. gr.

Að öðru leyti gildir reglugerð Öldungamótaraðarinnar, reglugerð GSÍ um stigakeppni, móta- og keppendareglur GSÍ, siða- og hegðunarreglur GSÍ og móta- og staðarreglur viðkomandi móts.

Þannig samþykkt af stjórn LEK í mars 2026.